

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fáanlegum kjörum á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu löggiltir endurskoðendur Landsamtaka hjartasjúklinga endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu þeir lagðir fram árlega fyrir stjórn Landssamtaka hjartasjúklinga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun úr sjóðnum. Ekki má úthluta úr sjóðnum meiru en sem svarar hálfum árlegum framlögum og hálfum hluta vaxta uns sjóðurinn er orðinn kr. 10.000.000 -tíu milljónir króna-.

8. gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar sjóðsins, ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á þingi Landssamtaka hjartasjúklinga.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Landssamtaka hjartasjúklinga.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að tillaga um það komi frá meirihluta stjórnar sjóðsins og að tillagan verði samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á þingi Landssamtaka hjartasjúklinga.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og fellur þá jafnframt úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 5. nóvember 1991.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. mars 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 10B og 12B.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 10B og 12B í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarðinn í Hafnarfirði“ vegna lóðar fyrir dreifistöð við Kaldárselsveg.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarðinn í Hafnarfirði“ vegna lóðar fyrir dreifistöð við Kaldárselsveg í Hafnarfirði.

Farið var með breytingarnar samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 28. mars 2003.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Roðasali 1. Sambýli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. febrúar 2003 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Roðasali. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til suðurs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Heimsendi. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 25. mars 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi hesthúsahverfisins í Heimsenda. Í tillögunni felst m.a. stækkun hesthúsahverfisins til suðurs og vesturs, breyttri aðkomu að svæðinu, félagsheimili, tamningagerði og hringgerðum ásamt landmótun á svæðinu. Þá er í skipulaginu enn fremur gerð grein fyrir taðpróm, mengunarvörnum og göngu- og reiðleiðum að og frá svæðinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. apríl 2003.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri Kópavogs.

REGLUGERÐ

um upplýsingaskyldu seljenda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um upplýsingagjöf um eldsneytisnotkun og losun á koldíoxíði við markaðssetningu á nýjum fólksbifreiðum.